



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ravel og Dvořák

7. apríl 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Áætluð tímalengd verka:

Rapsódía: 15'00"

Flautukonsert: 19'00"

Sinfónía: 35'00"

Mynd á kápu: Jóhannes Georgsson og Þórir Jóhannsson, bassaleikarar.
© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Ravel og Dvořák

Tónleikar í Eldborg 7. apríl 2016 » 19:30

Antonio Méndez hljómsveitarstjóri

Emilía Rós Sigfúsdóttir einleikari

Maurice Ravel

Rapsodie espagnole (1908)

I. Prélude à la nuit

II. Malagueña

III. Habanera

IV. Feria

Jacques Ibert

Konsert fyrir flautu og hljómsveit (1934)

Allegro

Andante

Allegro scherzando

Hlé

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 8 í G-dúr, op. 88 (1889)

Allegro con brio

Adagio


Allegretto grazioso

Allegro, ma non troppo

Antonio Méndez

hljómsveitarstjóri



 @MendezConductor

Spænski hljómsveitarstjórinn Antonio Méndez fæddist árið 1984 í Palma á Mallorca þar sem hann hóf ungur píanó- og fiðlunám. Síðar lærði hann tónsmíðar og hljómsveitarstjórn við Real Conservatorio Superior de Música í Madrid. Méndez flutti til Þýskalands árið 2007 og lauk prófum í hljómsveitarstjórn frá Listaháskólanum í Berlín og Franz Liszt-tónlistarháskólanum í Weimar.

Antonio Méndez vakti alþjóðlega athygli þegar hann vann til verðlauna í hinni virtu Nikolai Malko-keppni í Kaupmannahöfn árið 2012. Árið eftir komst hann svo í úrslit í hljómsveitarstjórakeppni í Salzburg.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Antonio Méndez stjórnað mörgum nafntoguðum hljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum. Það á meðal eru Tonhalle Orchester Zürich, Symphonieorchester des Bayerischen Rundfunks, Mahler Chamber Orchestra, Rotterdams Philharmonisch Orkest, Tonhalle Orchester Zürich, Frankfurter Rundfunk-Symphonie-Orchester og Orchestre Philharmonique du Luxembourg. Þá þreytti hann frumraun sína sem hljómsveitarstjóri í Bandaríkjunum á stjórnendapalli Los Angeles Philharmonic í desember 2013.

Antonio Méndez stendur nú í fyrsta sinn á stjórnendapalli Sinfóníuhljómsveitar Íslands en meðal annarra nýrra gestgjafa hans á þessu ári eru Kungliga Filharmonikerna í Stokkhólmi, BBC Philharmonic, Staatskapelle Dresden og hin nýsjálenska Auckland Philharmonia Orchestra.

Í október síðastliðnum stjórnaði hann Philharmonie Zuidnederland á tónleikaferðalagi um Holland og í sumar bíður önnur konsertreisa með Orquesta Nacional de España um Japan. Þá eru á dagskránni hljóðritanir með Scottish Chamber Orchestra og Radio-Sinfonieorchester Stuttgart.

Emilía Rós Sigfúsdóttir

einleikari



Emilía Rós er fædd á Íslandi árið 1982 en hún lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2003, Postgraduate Diploma með hæstu einkunn frá Trinity College of Music 2004 og Master of Music frá Royal College of Music 2009. Aðalkennarar hennar hafa verið Bernharður Wilkinson, Hallfríður Ólafsdóttir, Wissam Boustany og Susan Milan. Hún hefur einnig tekið þátt í mörgum flautunámskeiðum víðsvegar um heiminn og sótt tíma, m.a. hjá William Bennett, sir James Galway, Áshildi Haraldsdóttur og Manuelu Wiesler.

Emilía Rós hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ungfóníu, Trinity College of Music Symphony Orchestra og Orquestra Sinfónica Nacional í Brasilíu. Þá hefur hún leikið á tónleikum í Queen Elizabeth Hall, St. John's Smith Square og St James's Church í London, Bozar tónleikahöllinni í Brussel, á Listahátíð á Möltu og farið í tónleikaferð um austurströnd Kanada.

Hún er ötull þátttakandi í flutningi kammertónlistar, er ein af stofnendum Elektra Ensemble og kemur reglulega fram í tónleikaröð hópsins á Kjarvalsstöðum. Emilía Rós leikur einnig reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands og var fast-ráðinn flautuleikari þar 2011–2012.

Emilía Rós hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir leik sinn. Þar á meðal þriðju verðlaun í einleikarakeppni Trinity College of Music og flautu- sem og kammertónlistarverðlaunin í Royal College of Music.

Emilía Rós gaf út sinn fyrsta geisladisk, Portrait, haustið 2013. Hlaut hann mjög lofsamlega dóma, þar á meðal í hinu virta tónlistartímariti Gramophone, og uppskar þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013.

Maurice Ravel

Rapsodie espagnole



Joseph Maurice Ravel (1875–1937) fæddist í franska hafnarbænum Cibourne en ólst upp í París. Faðir hans var verkfræðingur og mikill listunnandi en móðirin Baski. Sex ára gamall byrjaði Ravel að læra á píanó og átta árum síðar fékk hann inngöngu í Tónlistarháskólann í París þar sem hann lærði næstu árin.

Sumarið 1907 buðu bræðurnir Misia og Alfred Edwards Ravel í fjögurra vikna skemmtisiglingu á snekkju sinni *Aimée*. Í þessari ferð gerði Ravel uppkast að *Rapsodie espagnol* fyrir fjórhent píanó og heimkominn til Parísar lék hann verkið með vini sínum Ricardo Viñes fyrir spænska tónskáldið Manuel de Falla sem hafði lagt land undir fót til að kynnastrúnaðargoði sínu Maurice Ravel. De Falla undraðist ósvikinn spænskan karakter verksins og fann svarið þegar hann kynntist móður tónskáldsins: „Hún var fjarska skemmtileg kona, talaði lýtalaus spænsku og það var unaðslegt að hlusta á hana rifja upp minningar frá æskuárunum í Madrid [...] þá skildi ég hversu heillaður sonur hennar hefur verið af þessum sögum að ógleymdri tónlistinni og dansinum sem er óaðskiljanlegur hluti þeirra.“

Tónlistin á Íslandi

Rapsódía Ravels hefur aðeins tvisvar sinnum áður prýtt efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Jean-Pierre Jacquillat, þáverandi aðalstjórnandi hljómsveitarinnar reið á vaðið með flutningi í Háskólabíói 3. nóvember 1983. Eftirmaður hans í brúnni, Petri Sakari, stjórnaði síðan rapsódíunni í mars 1990. Af öðrum „spönskum“ verkum Ravels, hefur Bolero oftast heyrst, kannski ekki síst fyrir atbeina músarinnar Maxímús Músíkus, sem hefur verið ótrauð við að kenna börnum þetta grípandi verk með fulltingi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ravel lauk við hreinritun píanógerðar *Rapsodie espagnol* um haustið samhliða píanóúrdrætti gamanóperunnar *L'heure espagnole* og í febrúar leit hljómsveitargerð rapsodíunnar dagsins ljós. Verkið var síðan frumflutt í Théâtre du Châtelet 15. mars 1908. Áheyrendur tóku verkinu vel að undanskildum 2. þættinum, *Malagueña*, sem olli kurri í salnum þar til rödd tónskáldsins Florents Schmitt drundi ofan af svölonum: „Einu sinni enn, fyrir þá þarna niðri sem ekkert skilja.“

Athyglisvert er, að Ravel samdi 3. þátt verksins, *Habanera*, fyrir fjórhent píanó árið 1895, þá tvítugur að aldri og er hann óbreyttur í hljómsveitargerðinni.

Jacques Ibert

Konsert fyrir flautu og hljómsveit



Jacques François Antoine Ibert (1890–1962) fæddist í París og byrjaði fyrir hvatningu foreldra sinna ungur að læra á fiðlu og píanó. Tvítugur að aldri fékk hann inngöngu í tónsmíðadeild tónlistarháskóla borgarinnar en meðal kennara hans þar voru Émile Pessard, fyrrum lærifaðir Ravels og André Gedalge en þekktir samnemendur hans í bekk Gedalges voru Arthur Honegger og Darius Milhaud.

Fyrri heimsstyrjöldin og skyldur Iberts sem sjóliðsforingja töfðu tónsmíðanámið um hríð en að stríðinu loknu tók hann þráðinn upp að nýju. Árið 1919 vann hann síðan hin eftirsóttu Rómarverðlaun – Prix de Rome – sem gerðu honum kleift að stunda frekara nám við Frönsku akademíuna í Villa Medici í Róm. Þess má geta að Maurice Ravel gerði fimm tilraunir til að hreppa þessi verðlaun en án árangurs. Síðar á ævinni átti Ibert eftir að gegna stöðu forstöðumanns þessarar sömu stofnunar í ríflega 20 ár og um leið óopinberri stöðu sendiherra franskrar menningar á Ítalíu. Þá var hann um nokkurra ára skeið óperustjóri Parísaróperunnar og Opéra Comique.

Tónlistin á Íslandi

Flautukonsert Iberts hljómaði í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á aðventunni árið 1965. Páll P. Pálsson stjórnaði flutningnum en einleikari var enski flautuleikarinn Geoffrey Gilbert. Hann bar ungur nýja strauma inn í breskan flautuskóla og hafði mikil áhrif á næstu kynslóðir breskra flautuleikara en meðal nemenda hans voru James Galway, William Bennett og Trevor Wye. Tíu árum síðar kom Jean-Pierre Rampal, sem þá var einn dádásti flautuleikari veraldar, og lék verkið undir stjórn landa síns og nafna, Jacquillat. Síðan þá hefur flautukonsertin hljómað alls 6 sinnum, síðast í janúar 2010.

Jacques Ibert samdi á ferlinum fjölbreytilegustu tónlist, meðal annars sjö óperur, nokkra balletta, kvikmynda- og leikhústónlist, píanó- og kammertónlist, hljómsveitartónlist, kórverk og fjóra einleikskonserta. Flautukonsertinn, sem er nr. 2 í röðinni, er einn vinsælasti og mest leikni konsert sinnar tegundar.

Konsertinn samdi Ibert að beiðni Marcel Moyse sem var einn af mikilmetnustu flautuleikurum liðinnar aldar. Fyrstu drög að verkinu ná aftur til ársins 1932 en Moyse frumflutti konsertinn árið 1934 undir stjórn annars nafntogaðs flautuleikara, Philipps Gaubert. Yfirbragð fyrsta kaflans er glæsilegt og eirðarlaust, hægi kaflinn ljúfur og syngjandi. Lokakaflinn er gletta sem þó er rofin af angurværum og þenkjandi milliþætti áður en fjörið heldur áfram allt til enda.

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 8



Dvořák (1841–1904) samdi 8. sinfóníuna frá 26. ágúst til 8. nóvember 1889 á sveitasetri sínu í Vysoká í bæheimska sveitarfélaginu Příbramě. Tilefnið var kjör hans til setu í Bæheimsku akademíunni fyrir vísindi, bókmenntir og listir. Í þakkarskyni tileinkaði hann sinfóníuna síðan Akademíunni og Franz Joseph keisara og stjórnaði höfundurinn frumflutningnum í Prag 2. febrúar 1890.

Önnur nafnbót beið Dvořáks árið eftir þegar hann var gerður að heiðursdoktor í tónlist við Háskólann í Cambridge á Englandi. Þar stjórnaði hann 8. sinfóníunni og kantötu sinni *Stabat Mater* 15. júní, daginn fyrir heiðrunina. Athöfnin varð Dvořák þung í skauti: „Ég mun aldrei gleyma hvernig mér leið þegar þeir gerðu mig að doktor á Englandi; formlegheitin og doktorarnir. Allir grafalvarlegir og svo virtist sem enginn kynni neina tungu utan latínu. [...] En þegar ég lít til baka brosi ég og hugsa með mér að þegar upp er staðið, er það, að semja *Stabat Mater*, betra en að kunna latínu.“

Tónlistin á Íslandi

Það var tékkneski hljómsveitarstjórinn, tónskáldið og óbólleikarinn Václav Smetáček sem stýrði fyrsta flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á 8. sinfóníu Dvořáks í febrúarmánuði 1957. Tónleikarnir fóru fram í Þjóðleikhúsinu eins og algengt var á þessum árum. Verkið hefur alls 20 sinnum hljómað í meðförum hljómsveitarinnar, síðast í Eldborgarsal Hörpu haustið 2013. Á tónleikum Listahátíðar í Reykjavík í Laugardalshöll sumarið 1974 var sinfónían meðal verka á efnisskránni. Stjórnandi var Vladimír Ashkenazy en einsöngvari tónleikanna ein dádasta söngkona liðinnar aldar, Renata Tebaldí.

Antonín Dvořák var vinsæll og velkominn gestur á Englandi og ferðaðist hann þangað samtals níu sinnum og stjórnaði verkum sínum. Haustið 1884 stjórnaði hann sjöttu sinfóníu sinni og *Stabat Mater* á tónlistarhátíðinni í Worchester. Í fiðludeild hljómsveitarinnar sat hinn 27 ára gamli Edward Elgar sem í bréfi til vinar síns skrifaði eftirfarandi eftir tónleikana: „Ég vildi óska að þú gætir heyrt tónlist Dvořáks. Hún er einfaldlega hrifandi, lagræn og hugvitsamleg og hljómsveitarútfærslan er dásamleg. Það skiptir engu hversu fá hljóðfæri hann notar, ekkert hljómar þunnt — ég get ekki lýst því, maður verður að heyra það.“

Áttunda sinfónía Dvořáks er ljóðræn og myndræn. Hún flytur huga manns upp að hlið tónskáldsins þar sem hann í faðmi fagurrar sveitar og fuglasöngs lætur hughrif og minningar flæða niður á nótnaörkina.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

Yrkja - Uppskerutónleikar



Sinfóníuhljómsveitin og Tónverkamiðstöðin bjóða þremur tónskáldum að verja níu mánuðum með hljómsveitinni þar sem þau munu þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit og frumflytja ný verk. Tónskáldin fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar og vinna náið með hljóðfæraleikurunum undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar.

Afrakstur þessarar fyrstu YRKJU eru þrjú ný hljómsveitarverk og hljóma tvö verkanna undir stjórn Daníels Bjarnasonar á tónleikunum 13. apríl kl. 18:00: *Brim* eftir Gunnar Karel Másson og *rekast* eftir Halldór Smáráson. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Tectonics Reykjavík



Tónlistarhátíðin Tectonics Reykjavík fer fram í fimmta sinn í Hörpu dagana 14. og 15. apríl. Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir hátíðinni og sem fyrr er Ilan Volkov listrænn stjórnandi hennar. Dagskráin fer fram frá kl. 18 til 23 báða dagana. Alls verða haldnir átta tónleikar sem eru að vanda stútfullir af spennandi tónlist.

Meðal listamanna sem koma fram auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru Roscoe Mitchell (US), Peter Ablinger (AU), Goodiepal (DK) og Séverine Ballon (FR). Sinfóníuhljómsveitin frumflytur alls sjö ný verk sem flest verða frumflutt á heimsvísu á hátíðinni. Höfundar þessara verka eru: Jim O'Rourke, Peter Ablinger, Roscoe Mitchell, Frank Denyer, Davíð Franzson, Þráinn Hjálmarsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir.

Hljómsveit á tónleikum

7. apríl 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Martin Frewer
Ágústa María Jónsdóttir
Andrzej Kleina
Júliana Elin Kjartansdóttir

2. FIÐLA

Vera Panitch
Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Greta Guðnadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Pascal La Rosa
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júliana Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Melkorka Ólafsdóttir
Hafðís Vigfúsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Einar Scheving
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

Föstudagsröðin



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Í Norðurljósum í Hörpu

Fös **4. mars** » 18:00

Fös **1. apríl** » 18:00

Fös **6. maí** » 18:00

Föstudagsröðin er ný tónleikaröð þar sem hljómsveitarstjórinn Daníel Bjarnason teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum.

Miði á staka tónleika er á 2.700 kr.

Áskriftarkort á þrenna tónleika kostar aðeins 6.480 kr.




@icelandsymphony #sinfó



Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

STÓRVIRKI



Hér fjallar ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON á aðgengilegan hátt um vestræna tónlistarsögu allt frá kaþólskum kirkju-söng til nýjustu hræringa í tónlist nútímans. *Saga tónlistarinnar* er vegleg bók sem hentar jafnt tónlistarfólki, tónlistarunnendum og tónlistarnemum, sem og öllu áhugafólki um listir og menningu.

